60. gr. **61**

Yfirmaður sölufjárreksturs skal annast um, að rekstrarreglum þessum sje 14. júní.
hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XV. kafli.
Almenn ákvæði.

61. gr.

Það er stranglega bannað, að svelta fjenað frekara en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt, við fjárrjettir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum og heimalandssmölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum og hegningu að lögum.

62. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1 til 100 kr., eptir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

63. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

64. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o. fl. frá 15. júní 1893 og viðauki við tjeða fjallskilareglugjörð frá 19. júní 1897.

Amtsráð Norðuramtsins 14. júní 1901.
Páll Briem.

Reglugjörð **62**

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. 14. júní.

Amtsráðið í Norðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 og lögum 24. nóv. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

sem hefir inni að halda breytingu á fjallskilareglugjörð Húnavatnssýslu 21. júní 1898, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1901.

1. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda manni, sem kosinn er af

62 14. júní. sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllu óskilafje, er selt hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í einhverju útbreiddu blaði í Reykjavík. Í prentunarkostnað og ómakslaun bera honum 30 aurar fyrir hverja kind, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

2. gr.

47. gr. í hinni núgildandi reglugjörð 21. júní 1898 er hjer með úr gildi felld.

Amtsráð Norðuramtsins, 14. júní 1901.

Páll Briem.

63 15. júní.

Samþykkt

um kynbætur hesta.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891 um kynbætur hesta gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir Öngulstaða-, Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa.

1. gr.

Á hausthreppaskilaþingi ár hvert skulu hreppstjórar annast um, að kosin sje 3—5 manna nefnd, til að hafa nákvæmt eptirlit með kynbótum hesta, og gjöra ýmsar ráðstafanir þarað lútandi. Kosningarrjett og kjörgengi hafa allir þeir karlmenn í hreppnum, sem eru 25 ára að aldri, og í sjálfstæðri stöðu. — Vinnumenn má því að eins kjósa, að húsbændur þeirra leyfi það.

2. gr.

Nefnd þessi skal kosin til eins árs í senn, en þó er hver, sem fyrir kosningu verður, skyldur að taka á móti henni í 3 ár samfleytt.

Nefndin kýs formann úr sínum flokki, sem boðar til funda, þegar nauðsyn krefur. Fundi skal hún halda að minnsta kosti tvo á ári, haust og vor, og rita í bók, það sem gerist á fundunum. Endurgjald fyrir bók þessa greiðist af sveitarsjóði.

3. gr.

Kynbótanefndin skal sjá um, að hæfilega margir graðfolar sjeu til í hreppi hverjum til undaneldis, er sjeu af góðu kyni. Hún skal gjöra samninga við folaeigendur um brúkun folanna og borgun fyrir notkun þeirra. Einnig skal nefndin vera hjálpleg með að útvega afrjettarland handa kynbótarfolum yfir sumarið, og sömuleiðis hafa eptirlit með því, að þeir sjeu vel fóðraðir yfir veturinn.

4. gr.

Kynbótanefndin skal stuðla til, að sem flest hestfolöld, sem ekki eru